



Stjórnarfundur 4 þriðjudaginn 7. desember 2010 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, Stefán Jóhannesson, Svala Vignisdóttir, Kristján Geir Guðmundsson
Boðuð forföll: Aðalheiður Sigursveinsdóttir, Hreggviður Norðdahl, Valdimar Hafsteinsson og Óskar Hauksson.

Dagskrá

- Blakfólk ársins
- Landsliðsmál (Novotel Cup í jan og smáþjóðaleikar)
- Umsóknir (afrekssjóð ÍSÍ, CEV, FIVB)
- Formannafundir ÍSÍ og BLÍ
- Blak.is fundur - hugmyndir og heimasíðumál
- Önnur mál

Fundargerð

Blakfólk ársins 2010

- Ákvörðun fundarins var sú að blakkona ársins 2010 yrði Birna Baldursdóttir og blakmaður ársins 2010 yrði Emil Gunnarsson. Sævari var falið að tilkynna þeim um valið og senda tilkynningu til fjölmiðla og ÍSÍ.

Landsliðsmál

- Stefán tilkynnti um ráðningu landsliðsþjálfara kvenna og verkefninu sem er framundan, Novotel Cup. Bæði lið fengu að vísu boð á mótið en ákveðið var að senda eingöngu kvennaliðið.
- Fyrirhugað er að senda bæði inniliðin og strandblakliðin til Liechtenstein á Smáþjóðaleikana og karlarnir fara til Andorra í úrslit EM smáþjóða.
- Finna þarf fararstjóra fyrir Luxemborgarferðina sem verður 6.-10. janúar 2011.

Umsóknir

- FIVB sjóður til þróunarstarfs. Umsókn liggur inni hjá sjóðnum en hugsanlega þarf að endurskrifa hana fyrir næsta fund hjá sjóðnum.
- CEV sjóður. Þarna væri hægt að sækja um fé og þá sérstaklega fyrir uppbyggingu á strandblaki.
- Afreksstyrkir ÍSÍ og sjóður ungra og efnilegra. Skiladagsetning á umsóknum er 10. desember. Sævar vinnur umsóknir fyrir öll okkar lið í vikunni, sendir á stjórn BLÍ til yfirlstrar áður en hann sendir inn umsóknirnar.

Formannafundir BLÍ og ÍSÍ

- Sérstök fundargerð var skrifuð eftir þennan fund.
- Fundurinn tókst vel og kom þar marga fram sem við getum bætt og félögin geta bætt.
- Frá formannafundi ÍSÍ
 - Stef sækir að íþróttahúsum í að greiða stefgjöld vegna spilun tónlistar.
 - 100 ára afmælishátíð ÍSÍ á næsta leiti.
 - Styttist í að BLÍ verði 50 ára og þarf að huga að því, t.d. með því að ná tali af öllum formönnum BLÍ frá upphafi en aðeins einn er látinn.
 - Boðun á ársþing sérsambanda. Þælingar um að félögin fengju beina aðild að ÍSÍ en þá velt fyrir sér hvers vegna væru þá héraðssambönd.

Blak.is

- Formaður og framkvæmdastjóri BLÍ munu hitta forsvarsmenn www.blak.is á fundi þann 14. desember. Ætlunin er að reyna að vinna meira með vefinn og koma t.d. tölfraði leikmanna inn ásamt uppfærslu leikjanna í beinni á netinu.

Önnur mál

- Mikasasamningur lagður fram fyrir stjórn.
 - Í honum kemur m.a. fram að BLÍ skuli sjá til þess að skólamót verði haldið og Mikasa leggur til gullboltann sem verðlaunagrip.
 - Mikil umræða var um strandblak og þá staðreynd að VLS300 bolti verði keppnisboltinn. Strandblaknefnd þarf að vera með í ráðum vegna þessa.
 - Tekið vafr fyrir bréf frá blakdeild Þróttar Neskaupstað, formaður mun svara því.
- Nýtt útlit á heimasíðu BLÍ – er í vinnslu
- Tekjur og fjármál.
 - Sævar gerði grein fyrir því að þátttökugjöld séu ekki há og sú upphæð sem eftir stendur þegar allur beinn kostnaður við mótahald hefur verið greiddur sé ekki í samræmi við umsýsluna við mótin. Sú hugmynd var einnig viðruð hvort innheimta ætti iðkendagjöld í samræmi við skráningu í Felix kerfinu.
 - Fjármálin rúlla annars ágætlega. Verið er að reyna að lækka skuldir eftir mesta megni en það koma þó tímar þar sem vantar peninga til að klára ákveðin mál.
- Skólamót
 - Aðeins rætt um framkvæmd skólamóta og YFN BLÍ ætti að koma að þeirri vinnu. Ákveðið að reyna að gera þetta ekki á landsvísu strax heldur einbeita sér að svæðum.

Næsti fundur áætlaður í janúar/febrúar

Fundi slitið kl. 18.30

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð